

**Mál nr. 131/2017**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar lögmanns L.**

**Ágreiningur um skaðabótaskyldu lögmanns vegna starfa sinna.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
2. Bréf V dags. 8.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3.

**Málsatvik.**

M gerði 24.2.2015 „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ við fyrirtækið Verk Vissa ehf. (síðar Háhús ehf. ) sem L kom fram fyrir sem lögmaður og undirritaði fyrir þess hönd. Ágreiningur aðila var m.a. um magntölur og aukaverk, sem aðilar komu sér saman um í samkomulaginu að láta sannreyna og Verk Vissa ehf. skuldbatt sig til að lækka lokauppgjör um kr. 1.500.000.- í sama samkomulagi. Ágreiningur M og Háhús ehf. var borinn undir dómstóla og í dómi Hæstaréttar í málinu segir „Að öllu þessu virtu og með vísan til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga hefur „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ ekkert gildi í lögskiptum aðila.“

M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu L vegna þess tjóns sem M hafi orðið fyrir vegna þess að L undirritaði „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ án þess að hafa til þess fullnægjandi umboð. M telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að samkomulagið um bráðabirgðauppgjör tók ekki gildi vegna þess að L hafði ekki fullnægjandi umboð til að undirrita það. M sundurliðar tjón sitt þannig að M hafi verið dæmt til að greiða Verk Vissu ehf. kr. 8.045.465 ásamt dráttarvöxtum að frádregnum 4.500.000 auk þess að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. M krefst þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr starfsábyrgðartryggingu L þar sem hann hafi komið fram f.h. Verk Vissu ehf. og undirritað samkomulag án þess að hafa fullnægjandi umboð en vegna þess að samkomulagið gekk ekki í gildi hafi M orðið fyrir ofangreindu tjóni. Þá vísar M til 25.gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

V hafnar bótaskyldu og segir ágreining í málinu snúast um það hvort M hafi orðið fyrir bótaskyldu fjártjóni vegna þess að L hafði ekki umboð til að undirrita samkomulag um bráðabirgðauppgjör f.h. Verk Vissu ehf. V telur að umræddur samningur hafi ekki haft nein áhrif á skuld M eða greiðsluskyldu M til Háhús ehf. og því hafi M ekki orðið fyrir almennu fjártjóni vegna umboðsleysis L. V segir að ágreiningur aðila um magntölur og aukaverk hafi ekki verið til lykta leiddur í ofangreindu samkomulagi. Það að aðilar hafi ekki náð slíku samkomulagi á síðari stigum sé ekki á ábyrgð L og engin orsakatengsl séu á milli umboðsleysis L við samningsgerðina og þess að ekki náðist samkomulag um magntölur milli aðila. V telur því ljóst að L hafi ekki valdið M tjóni með því að semja um að ágreiningur um magntölur yrði leystur síðar.

**Álit.**

Fyrir liggur í dómi Hæstaréttar í málinu 369/2016 í máli M gegn Háhús ehf. (áður Verk Vissa ehf.) að „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ var ekki skuldbindandi fyrir Háhús ehf., þar sem þáverandi lögmaður Háhús ehf. hafði ekki fullnægjandi umboð til að undirrita slíkt uppgjör. Því liggur fyrir að L undirritaði „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ án fullnægjandi umboðs. Starfsábyrgðartrygging L nær til þess tjóns sem M kann að hafa orðið fyrir vegna þess að það samkomulag tók ekki gildi að því marki sem M getur sýnt fram á að hann hafi orði fyrir tjóni. Í gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi orðið fyrir fjártjóni umfram það sem rekja

má til óvissu um frekara samkomulag um magntölur og annað sem títtnefnt „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ gerði ráð fyrir. Nefndin tekur þó ekki afstöðu til bótafjárhæðar, enda liggur ekki fyrir skýrt samþykki beggja málsaðila til þess, sbr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda.

**Niðurstaða.**

Viðurkennd er bótaskylda vegna fjártjóns M úr ábyrgðartryggingu L.

Reykjavík 28.6 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.